

**Sp. 959. Tillaga til þingsályktunar [428. mál]**  
um undirbúning lífeyrissjóðsréttinda þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum.

Fm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson,  
Salome Porkelsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna með hvaða hætti sé unnt að koma á lífeyrisréttindum þeirra sem sinna heimilis- og umönnunarstörfum og leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi fyrir 1. febrúar 1988.

**G r e i n a r g e r ð .**

Að undanfögnu hafa farið fram miklar umræður um lífeyrissjóðsmál landsmanna, bæði innan þings og utan. Ljóst er að lífeyrisréttindi einstakra stétta og starfshópa eru um margt mismunandi og fer það bæði eftir aldri og reglum lífeyrissjóðanna og því hvenær verðtryggingarákvæði voru upp tekin.

Í þessari umræðu hafa flestir verið sammála um það að brýn nauðsyn væri á því að gera úrbætur á lífeyrissjóðsmálum þeirra sem starfa við heimilis- og umönnunarstörf og hafa til þessa margir hverjir notið lítilla sem engra lífeyrisréttinda. Hér er fyrst og fremst um þá að ræða sem bundnir eru við heimilisstörf vegna barna eða geta ekki af öðrum ástæðum sótt út á vinnumarkaðinn, t.d. vegna veikinda. Þá eru ætíð allmargir sem annast þurfa á heimilum aldraða og sjúka og eiga þess ekki kost af þeim sökum að leita út á vinnumarkaðinn og ávinna sér þar lífeyrisréttindi.

Störf þessi eru þó ekki síður þjóðfélagslega mikilvæg en þau störf sem unnin eru á almennum vinnumarkaði, en þar starfa nú um 80% allra íslenskra kvenna. Framlag hinna heimavinnandi sparar bæði ríki og sveitarfélögum verulegar fjárhæðir í dagvistarstofnunum og elliheimilum, svo að aðeins tvennt sé nefnt, en fyrst og fremst eru störf heimavinnandi fólks verðmæt fyrir heimilið sem mikilvægustu grundvallareiningu þjóðfélagsins og dýrmætur þáttur í uppeldi komandi kynslóðar.

Það er því vissulega tímabært að málum verði svo hagað af hálfu löggjafans að þeir sem vinna að heimilis- og umönnunarstörfum njóti hliðstæðra lífeyrisréttinda og þeir sem starfa á almennum vinnumarkaði. Hefur m.a. verið um það fjallað í þeirri nefnd sem skipuð var til að gera tillögu um nýskipan lífeyriskerfisins, en tillögur liggja ekki fyrir um það. Samkvæmt upplýsingum frá árinu 1984 eru tæplega 9000 manns, 67 ára eða eldri, utan lífeyrissjóða. Í þessum hópi eru 6607 konur og 2116 karlar. Hér er um þann hóp að ræða sem þessi tillaga fjallar um.

Á 27. landsfundi Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var í byrjun mars á þessu ári, var sérstaklega ályktað um þessi efni. Í ályktun landsfundarins um jafnréttis- og fjölskyldumál segir:

„Heimavinnandi fólk njóti bóta frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrisréttinda til jafns við aðra vinnandi þjóðfélagsþegna. Kannað verði hvernig við verði komið greiðslum til fólks sem annast aldraða, sjúka eða öryrkja á eigin heimilum.“

Í framhaldi af þessari ályktun leggja flutningsmenn til að ríkisstjórnin láti kanna með hvaða hætti verði hægt að koma á lífeyrisréttindum fyrir þessa hópa og láti leggja þær tillögur fyrir Alþingi fyrir 1. febrúar á næsta ári.